

Samkeppnisréttarstefna SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

I. Almenn

Tilgangur samkeppnisréttarstefnu SVP – Samtaka verslunar og þjónustu er að tryggja fagleg og gegnsæ vinnubrögð í starfsemi samtakanna og fyrirbyggja háttsemi sem brotið gæti gegn ákvæðum samkeppnislaga, nr. 44/2005. Samkeppnisstefna þessi skal vera aðgengileg á heimasíðu SVP og skal henni jafnframt dreift til nýrra aðildarfyrirtækja og allra fulltrúa sem starfa á vettvangi samtakanna.

SVP leggja ríka áherslu á að fyrirtæki ástundi öfluga og sanngjarna samkeppni og virði í hvívetna ákvæði samkeppnislaga. Að sama skapi gera SVP ríkar kröfur hvað varðar eftirfylgni með samkeppnislögum gagnvart eigin starfsemi samtakanna. Samkeppnislög eru sett til að efla virka samkeppni og vinna gegn viðskiptaháttum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni sé raskað eða hún takmörkuð. Í starfsemi sinni vilja SVP stuðla að virkri samkeppni þannig að tryggja megi hagkvæma nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, til ábata fyrir neytendur, atvinnulífið og samfélagið í heild sinni. Stjórn og stjórnendur SVP bera ábyrgð á því að kynna fyrir aðildarfyrirtækjum og starfsmönnum samtakanna samkeppnisréttaráætlun SVP og sjá til þess að henni sé fylgt í hvívetna. Verði aðilar uppvísir að því að brjóta gegn samkeppnislögum í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi kann því að fylgja ábyrgð samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga, þ.m.t. refsíábyrgð einstaklinga.

SVP áréttá mikilvægi þess að allt starf á vettvangi samtakanna, hvort sem það er starfsemi stjórnar, skrifstofu SVP eða í nefndum eða ráðum á vegum samtakanna, sé ávallt framkvæmt í anda samkeppnislaga. Tekur þetta einnig til þeirra ráðgjafa og verkefnaráðinnna starfsmanna SVP. Það sama á við um alla stefnumótum eða áætlunargerð á vettvangi SVP sem skal ávallt vera unnin í samræmi við samkeppnislög. Eftirfylgni með ákvæðum samkeppnislaga er því ekki valkvæð í starfsemi SVP heldur ófrávíkjanleg skylda.

II. Aðild

Skilyrði fyrir inngöngu í SVP skulu vera gegnsæ, málefnaleg og hlutlaus og skal gert grein fyrir þeim í samþykktum samtakanna á hverjum tíma. Skal öllum er uppfylla skilyrðin heimil innganga í samtökin enda hafi viðkomandi sótt um aðild og greiði tilskilin aðildargjöld.

III. Samskipti

Hagsmunagæsla samtaka fyrirtækja er í eðli sínu ekki andstæð samkeppnislögum. Óumdeilt er að starfsemi samtaka fyrirtækja getur verið gagnleg og haft jákvæð áhrif á mörkuðum, t.d. þegar slík samtök annast hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum í því skyni að bæta almenn rekstrarskiilyrði fyrirtækja. Þátttaka í starfi SVP felur því í sér miðlun á upplýsingum og reynslu og þátttöku í umræðu um sameiginleg hagsmunamál aðildarfyrirtækja. Samskipti milli fyrirtækja skal þó ávallt hagað þannig tryggt sé að ákvæði laga séu virt og að á engan hátt stuðlað að samráði eða samstilltum aðgerðum í skilningi samkeppnislaga.

Í skilningi samkeppnislaga er litið á samskipti fyrirtækja á vettvangi samtaka fyrirtækja með sambærilegum hætti og öll önnur samskipti. Samskipti á vettvangi samtakanna skulu því aldrei fela í sér tilvísanir til verðs eða upplýsingaskipta um markaði eða viðskiptavini eða annað sem rétt er að leynt skuli fara milli samkeppnisaðila.

Sem hluta af þessari samkeppnisréttarstefnu mun stjórn setja sér leiðbeiningar fyrir fundi og samskipti á vegum SVP sem skulu höfð til hliðsjónar á fundum stjórnar samtakanna sem og fundum ráða og nefnda sem starfa á vettvangi samtakanna.

III. Öflun og miðlun upplýsinga

Við öflun og miðlun upplýsinga á vettvangi SVP skal í hvívetna gætt að trúnaði og verklag ávallt vera með þeim hætti að komið sé í veg fyrir að viðkvæmar eða sérgreinanlegar upplýsingar einstakra fyrirtækja geti borist í hendur annarra aðildarfyrirtækja eða þriðja aðila.

Við miðlun upplýsinga, hvort heldur er í ræðu eða riti, beint eða óbeint, skal þess einnig ávallt gætt að ekki sé miðlað upplýsingum um viðskipti, viðskiptahætti eða markaðshlutdeild einstakra fyrirtækja. Þegar unnið er að rannsóknum á einstökum atvinnugreinum svo og sögulegum upplýsingum um framleiðslu, sölu eða markaðshlutdeild skal þess því ávallt gætt að um sé að ræða samtölur fyrir skilgreinda hópa fyrirtækja og að ekki sé unnt að bera kennsl á upplýsingar einstakra fyrirtækja.

IV. Fræðsla

Starfsmönnum SVP og fulltrúum félagsmanna sem taka þátt í stjórnnum eða nefndum á vegum samtakanna skal standa til boða fræðsla um samkeppnismál í samræmi við fræðsluáætlun samtakanna. Sama á við um ráðgjafa eða aðra aðila sem taka að sér verk fyrir SVP.

Starfsmönnum SVP og fulltrúum félagsmanna sem taka þátt í stjórnnum eða nefndum á vegum samtakanna skal jafnframt tryggt aðgengi að sérfræðiráðgjöf komi upp samkeppnisréttarleg álitafni í tengslum störf þeirra í þágu samtakanna.

SVP leggja áherslu á að stuðla að umræðu um mikilvægi samkeppnismála í innra starfi sínu sem og á opinberum vettvangi.